

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra  
Guðlaugur Þór Þórðarson  
Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið  
Skuggasund 1, 101 Reykjavík



3. október 2023

## Umsögn við frumvarp til laga um Náttúruverndar- og minjastofnun

### *Afstaða félagsins til fyrirhugaðrar sameiningar*

Landvarðafélag Íslands fagnar fyrirhugaðri sameiningu stofnana undir Náttúruverndar- og minjastofnun og telur það jákvætt að samþætta umsjón og eftirlit með friðlýstum svæðum. Aðalfundur félagsins hefur ályktað um þörf þess að sameina þær stofnanir sem annast landvörslu á Íslandi og er frumvarpið og breytingarnar bæði þarfar og tímabærar. Þær fela í sér mörg tækifæri til að auka samfellu í stjórnun og umsjón friðlýstra náttúruverndarsvæða sem og aukinnar samþættingar milli umsjár friðlýstra náttúruverndarsvæða annars vegar og friðlýstra menningarminja hins vegar. Tveir þættir munu þó ráða úrslitum um hvort ný stofnun náttúruverndar og minja verði farsæl. Í fyrsta lagi hvernig útfærsla og starfsemi nýrrar stofnunnar verður háttáð. Í öðru lagi að sú hagræðing sem gert er ráð fyrir að verði við sameininguna verði nýtt til þess að efla stofnunina, landvörslu og minjavernd. Segja má að allar þær stofnanir sem sameina eigi glími við undirfjármögnun í dag og að þær ráði ekki að fullu leyti við að sinna öllum verkefnum líkt og best væri á kosið. Það er því nauðsynlegt að sameiningunni fylgi ekki niðurskurður á fjárframlögum til þeirra.

### *Athugasemdir við einstök atriði frumvarpsdraganna*

Lagst er gegn þeim breytingum á samsetningu stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs sem boðaðar eru. Það er mat Landvarðafélagsins að tryggja þurfi óbreytta setu fulltrúa umhverfisverndarsamtaka í stjórn garðsins sem hafi bæði tillögu- og atkvæðarétt. Það er mat félagsins að óeðlilegt sé að sveitarstjórnarfulltrúar og sjónarmið þeirra hafi einir vægi þegar kemur að ákvörðunum innan þjóðgarðsins. Með núverandi fyrirkomulagi er reynt að tryggja jafnvægi sem nauðsynlegt er á milli sjónarmiða sveitarstjórna og náttúruverndar. Þau sjónarmið sem reifuð eru í greinargerð frumvarpsins um að ekki teljist eðlilegt að fulltrúar náttúruverndarsamtaka taki þátt í stjórnunarhlutverki þjóðgarðsins lýsa helst skoðunum þess sem ritaði greinargerðina án þess að fyrir þeim séu færð haldbær rök. Aðkoma ótengdra aðila að stjórn ríkisstofnana má t.a.m. sjá í skipan háskólaráðs Háskóla Íslands sem er einmitt fyrirmynd stjórnkerfis Vatnajökulspjóðgarðs.

Jafnframt leggur Landvarðafélagið til að áskilið verði að fulltrúar heildarsamtaka á sviði náttúruverndar, útivistar og ferðaþjónustu sem sitji í svæðisráðum Vatnajökulspjóðgarðs hafi starfsemi eða bein tengsl við rekstrarsvæði þjóðgarðsins. Tilgangur svæðisráðanna er að leyfa þeim sem standa svæðunum næst að hafa áhrif á umsjá þeirra og með þessu móti yrði sú aðkoma betur tryggð. Þá er líklegra að raddir heimafólks fái að heyrast innan svæðisráðanna.

Þá er því velt upp hvort ávarpa eigi aukið samspil vörslu friðlýstra náttúru- og menningarminja í störfum innan stofnunarinnar, t.a.m. í daglegum störfum landvarða. Samlegðaráhrif má sjá milli land- og minjavörslu þegar kemur að eftirliti með friðlýstum minjum sem og fræðslu á náttúruminja- og minjasvæðum. Vel færi á að ávarpa þessa samlegð á einhvern hátt í frumvarpsdrögum.

Loks er lagt til að Þingvallanefnd verði lögð niður í núverandi mynd enda hafa þingmenn sjaldnast þekkingu á stafsemi eða rekstri friðlýstra svæða. Lagt er til að stofnuð verði svæðisstjórn innan þjóðgarðsins líkt og í öðrum þjóðgörðum og að tiltekinn fjöldi þingmanna eigi föst sæti innan svæðisstjórnar.

#### *Athugasemdir við orðalag*


Lagt er til að annað hvort heiti svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs verði breytt (t.a.m. í ráðgjafaráð eða hagsmunaráð) eða heiti svæðisstjórna í þjóðgörðum. Þessi keimlíka nafngift (svæðisráð og svæðisstjórn) er líkleg til þess að valda ruglingi og er torskilin þeim sem standa utan stjórnkerfis þjóðgarða.

Bent er á að í 4. gr. frumvarpsins segir: „og eiga áheyrnaraðild að fundum svæðisstjórna.“ Hér ætti það sennilega að vera „að fundum svæðisstjórnar“ þar sem aðeins ein svæðisstjórn er innan þjóðgarðsins.

Bent er á að í drögum að greinargerð með frumvarpinu segir: „Með frumvarpi þessu er ætlunin að skapa faglegan og öflugan kjarna í stærri stofnun og þar með grundvöll fyrir betri nýtingu fjármagns og meiri árangur í baráttunni við hinar stóru áskoranir, ekki síst í loftslagsmálum.“ Landvarðafélagið fagnar aukinni áherslu á mikilvægi aðgerða í loftslagsmálum þó svo að það falli ekki beint undir verksvið nýrrar náttúruverndar og minjastofnunar. Félagið vekur þó athygli á mikilvægi náttúruverndar í því samhengi, sem og verndun líffræðilegrar fjölbreytni og vatnsvernd. Þá má telja líklegt að ný stofnun verði betur í stakk búin til þess að takast á við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um verndun 30% af land, strand- og hafsvæða fyrir árið 2030.

Loks er lagt er til að heiti nýrrar stofnunnar verði: Náttúruverndar- og minjastofnun

Fyrir hönd Landvarðafélags Íslands



Benedikt Traustason, formaður



Helga Hvanndal Björnsdóttir, meðstjórnandi